

Spurt og svarað

Verður friðlýsing á einhvern hátt íþyngjandi fyrir landeigendur og þá hvernig?

Meginbreytingin lagalega séð er að ef land er friðlýst þarf ekki bara samþykki að sækja um framkvæmda- og byggingaleyfi til sveitarfélags heldur líka Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun hafnar ekki slíkum leyfisbeiðnum nema framkvæmdirnar beinlínis skaði það sem á að vernda, t.d. Látrabjargið og lífríkið sem þar er að finna.

Hver verður nýtingarréttur landeigenda eftir friðlýsingu?

Nýtingaréttur landeigenda verður óskertur efir friðlýsingu svo framarlega sem um sjálfbæra nýtingu á hlunnindum sé að ræða, þ.á.m. hefðbundinn landbúnaður .

Veiðar og eggjataka

Veiðum og eggjatöku mun verða stýrt í samvinnu við landeigendur með hliðsjón af stöðu hvers fuglastofns fyrir sig.

Refa- og minkaveiðar

Refaveiðar miðast við að lágmarka tjón á öðru lífríki svæðisins. Stefnt er að því að útrýma mink.

Þegar nýr vegur verður lagður fyrir ofan þorpið á Hvallátrum, fá landeigendur að loka veginum í gegnum þorpið?

Landeigendum er heimilt að loka vegi í gegnum þorpið þar sem um einkaveg verður að ræða eftir að aðalvegur hefur verið færður upp fyrir þorp.

Hver er munurinn á þjóðgarði og friðlandi?

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að svæði skuli friðlýst er metið hvaða friðlýsingarflokk ber að nota og fer það eftir markmiðum friðlýsingarinnar og landnotkun. Samkvæmt lögum um náttúruvernd skiptast friðlýsingar í nokkra flokka og byggist sú flokkun meðal annars á viðmiðum Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN.

Flokkarnir eru eftirfarandi:

Þjóðgarðar (IUCN – Flokkur II

Þjóðgarðar eru svæði sem eru það sérstæð um landslag, lífríki og sögu, að ástæða þykir að varðveita þau og veita almenningi aðgang að þeim til fræðslu, útivistar og ánægju. Þau eru yfirleitt mun stærri svæði en friðlönd og áhersla á útivist, fræðslu og uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðafólk meiri.

Þjóðgarðar eru landsvæði sem ástæða þykir til að vernda fyrir núverandi og komandi kynslóðir vegna:

- sérstæðs landslags og náttúrufars
- vistfræðilegrar heildar
- sögulegrar helgi sem hvílir á svæðinu
- sóknarfæra á sviði andlegra og vísindalegra málefna, fræðslu og útivistar sem samrýmast umhverfi og menningu

Friðlönd (IUCN – Flokkur IV)

Friðlönd eru landsvæði sem mikilvægt er að varðveita vegna landslags, gróðurfars eða dýralífs. Markmið friðlýsingar eru mismunandi sem og reglur sem á svæðunum gilda. Friðlönd eru í flestum tilfellum á landi í einkaeigu eða á afréttum og reglur um þau eru samkomulagsatriði milli réttihafa lands og Umhverfisstofnunar.

Friðlönd eru landsvæði sem ástæða þykir til að vernda vegna:

- sérstæðs gróðurfars, dýralífs eða jarðmyndana
- sérstaks landslags eða landslagsheildar
- menningarminja eða sögu
- útivistargildis
- fræðslugildis

Verndarflokkar alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN)

Heiti friðlýsingarflokks	IUCN flokkur	Hlutfallsleg stærð svæða	Tilgangur og markmið friðlýsingar
Náttúruvé	Ia	Oft minni svæði eða hluti stærri svæða	Friðlýsing með strangri verndun, miklum takmörkunum á umferð og nýtingu, í þeim tilgangi að varðveita líffræðilega fjölbreytni og mögulega einnig jarðminjar/jarðmyndanir. Svæðin geta haft ómetanlegt gildi sem viðmiðunarsvæði fyrir vísindarannsóknir og vöktun.
Viðerni	Ib	Stór lítt snortin svæði	Friðlýsing miðar fyrst og fremst að því að varðveita viðáttumikil svæði, lítt snortin af áhrifum, inngrípum og framkvæmdum mannsins.
Þjóðgarðar	II	Venjulega stærri svæði	Friðlýsing til að vernda heildstætt landslag, jarðmyndanir og vistkerfi svo og menningarleg og söguleg gildi viðkomandi svæðis m.a. til að stuðla að því að almenningur eigi aðgang að fjölbreyttum náttúrulegum svæðum til útivistar og fræðslu.
Náttúruvætti	III	Oftast minni svæði	Oftast jarðfræðileg fyrirbæri sem vernduð eru vegna fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna.
Friðlönd	IV	Misstór svæði	Friðlýst vegna mikilvægra vistkerfa, vistgerða, tegunda og búsvæða þeirra.
Landslagsverndarsvæði	V	Venjulega stærri svæði	Friðlýsing miðar að verndun sérstæðs og fágæts landslags, landslagsheilda og jarðmyndana.
Verndarsvæði með sjálfbærri hefðbundinni nýtingu	VI	Venjulega stærri svæði	Friðlýsing þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að vernda náttúruleg vistkerfi sem nýtt eru með sjálfbærum hætti.
Fólkvangur	V og VI	Misstór svæði	Friðlýsing náttúrulegs svæðis til útivistar í grennd við þéttbýli.

Hvort er verið að tala um þjóðgarð eða friðland á Látrabjargsvæðinu?

Þjóðgarð.

Hver er tímarammi friðlýsingar og verkáætlunar?

Það er afar erfitt að njörva niður tímaramma friðlýsingarinnar. Fyrst og fremst fer það eftir vilja landeigenda og hversu langan tíma það tekur fyrir þá að gera upp við sig hvort þeir séu hlyntir stofnun þjóðgarðs á svæðinu. Án þeirra samþykkis er verkefnið vonlítið. Sl. sumar og fyrri hluti haustsins var nýttur til að kynna hugmyndina almennt. Haldnir voru alls 8 fundir, sex fyrir vestan og tveir í Reykjavík þar sem Umhverfisstofnun og fulltrúi sveitarstjórnar Vesturbyggðar voru viðstaddir, auk starfsmanna Umhverfisstofnunar. Þar var málið kynnt almennt og urðu í öllum tilvikum áhugaverðar og líflegar umræður. Nú er verið að funda með landeigendum í smærri hópum til að kanna betur hug þeirra til mögulegrar friðlýsingar og gefa kost á ítarlegri samræðum. Í febrúar er ætlunin að halda „íbúaþing“ með landeigendum Látra þar sem kallað verður eftir tillögum og hugmyndum um uppbyggingu og fræðslu á svæðinu ef af stofnun þjóðgarðs verður.

Þegar og ef landeigendur samþykkja stofnun þjóðgarðs þarf að vinna kostnaðaráætlun og tryggja fjármögnun til lengri tíma, bæði fyrir rekstur og framkvæmdir. Þegar þeirri vinnu er lokið er málinu vísað til ráðherra sem setur reglugerð um stofnun þjóðgarðs.

Deiliskipulagsvinna er að hefjast á svæðinu og mun hún haldast hönd í hönd við undirbúning hugsanlegrar friðlýsingar (stofnunar þjóðgarðs), enda um svipaða vinnu að ræða – landnýtingu s.s. framkvæmdir og reglur um umferð og umgengni, svo eitthvað sé nefnt.

Þegar landeigandi vill fara í framkvæmdir, þarf hann að greiða fyrir leyfisveitingu frá Umhverfisstofnun?

Nei, eigandi þarf ekki að greiða fyrir leyfisveitingu frá Umhverfisstofnun né sveitafélagi.

Verður veittur styrkur til landeigenda til að sinna vinnu við deiliskipulag?

Kostnaður við gerð deiliskipulags verður alfarið greiddur af sveitarfélaginu.

Getur samkomulag um friðlýsingu á landi verð mismunandi milli landeigenda eða er eitt samkomulag gert við alla landeigendur?

Samkomulag um friðlýsingu getur verið mismunandi milli landeigenda, en þó þannig að ef land er í óskiptri eign (eins og landið utan jarðanna þriggja að Látrum) verða eðlilega allir landeigendur að komast að samkomulagi um eina friðlýsingaskilmála (þ.e. þá sömu).

Er hægt að vernda svæðið á annan hátt en með friðlýsingu og veita fjármagni frá ríkinu í framkvæmdir til að vernda svæðið?

1. Já, það er hægt að vernda svæðið á annan hátt, t.d. með hverfisvernd á vegum sveitarfélagsins, sem sér þá um kostað við verndun.

2. Það er líka nýbúið að stofna sjóð sem heitir Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, sjá lög nr. 75/2011, en þar segir m.a.:

„Með stofnun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða skal stuðlað að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða í opinberri eigu eða umsjón um land allt. Þá skal með fjármagni úr sjóðnum leitast við að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins. Einnig er sjóðnum ætlað að fjölga viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr álagi á fjölsóttu ferðamannastaði.

Fjármagni úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða skal varið til:

- a. Uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum sem eru í eigu opinberra aðila eða á náttúruverndarsvæðum.
- b. Framkvæmda sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum í eigu opinberra aðila jafnt sem einkaaðila.

Framkvæmdasjóði ferðamannastaða er heimilt að fjármagna undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna framkvæmda skv. 2. mgr. en sjóðnum er ekki heimilt að bera rekstrarkostnað mannvirkja, náttúruverndarsvæða eða annarra ferðamannastaða.

3. Friðlýst svæði hafa þó forgang í sjóðinn umfram þau sem ekki eru friðlýst. Ef svæðið verður gert að þjóðgarði fer það inn á föst fjárlög, og er þar með tryggt fjármagn til verndar og uppbyggingar.